

VALREGLUR FYRIR STÓRMÓT ALPAGREINAR - 2026

Ólympíuleikarnir í Milan-Cortina 03. -22. febrúar 2026

- Valið er eftir Ólympíu-FIS listanum sem kemur út 19. janúar 2026, sá listi tekur með mót frá 1. júlí 2024 - 18. janúar 2026.
- Að jafnaði er horft til árangurs í stórsvigi, svigi og risasvigi. Aðeins er horft á stig í bruni hjá þeim iðkendum sem æfa og keppa í bruni að staðaldri og hafa gert það undanfarin 2 ár.
- Grunnkvóti: Ísland fær úthlutað grunnkvóta fyrir einn keppenda af hvoru kyni.
- Umfram grunnkvóta: Auka sætum verður úthlutað eftir „Quota allocation list“, því ofar sem keppendur eru því líklegra er að auka sæti fáið.
- Aldur: 16 ára og eldri (f. 2009 og fyrr).
- Keppandi þarf að vera með undir 120 FIS-punkta í greininni sem hann er valin til að keppa í.
- Keppandi þarf að hafa skíðað að lágmarki 50 daga áður en val fer fram.
- Keppandi þarf að hafa náð að lágmarki 500 stigum í Ironman testi síðustu 12 mánuði þegar val fer fram.
- Keppandi þarf að standast læknisskoðun af óháðum aðila þegar val fer fram 19. janúar 2026.
- Allir keppendur sem fara á vegum SKÍ á stórmót í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands sem og FIS mótum því tengdu.
- Alpagreinaneftnd og landsliðsþjálfari áskilja sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið.

HM unglinga í Narvík, Noregi 05. -15. mars 2026

- Valið er eftir 16. FIS lista sem kemur út 27.01.2026, sá listi tekur með mót frá 1. júlí 2025 til 25.01.2026.
- Aldur: 16-20 ára (f. 2005-2009).
- Fjöldi er að hámarki 4 bestu af hvoru kyni í svigi og 4 bestu af hvoru kyni í stórsvigi.
- Lágmark: keppandi þarf að vera með undir 85 FIS punkta í greininni sem hann er valin til að keppa í.
- Keppandi þarf að hafa skíðað að lágmarki 50 daga áður en val fer fram.
- Keppandi þarf að hafa náð lágmarksstigum í Ironman testi síðustu 12 mánuði þegar val fer fram. 250 stig fyrir 16-18 ára, 350 stig fyrir 18-20 ára.
- Allir keppendur sem fara á vegum SKÍ á stórmót í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands sem og FIS mótum tengdu því.
- Alpagreinaneftnd og landsliðsþjálfari áskilja sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið.